

Garðabær 4. maí 2012

Til umhugsunar fyrir nefndarmenn í atvinnumálanefnd vegna: Greinargerðar um efnahagslegar og byggðalegar afleiðingar samþykktar 657. þingmáls, lög um stjórn fiskveiða og 658. þingmáls, lög um veiðigjöld, sem unnið var af sérfræðingahóp sem skipaður var af atvinnuveganefnd Alþings, dagsett 2. maí 2012.

Hverjir keyptu kvóta eða keypti engin kvóta?

Í umræðunni um fiskveiðistjórnunarkerfið er oft talað um að ekki megi taka veiðiheimildir af útgerðarmönnum, sem þeir hafi keypt heimildirnar. Þetta er staðhæfing sem er röng vegna þessa að það eru engar stórútgærðir í landinu sem hafa þurf að kaupa allar sínar veiðiheimildir eftir 1991 eða eftir að það myndaðist verð á aflaheimildum. Þetta viðhorf kemur m.a. fram í greinargerð sérfræðingahóps sem skipuð var af atvinnuveganefnd Alþingis vegna fyrirhugaðra breytinga á lögum um stjórn fiskveiða.

Til að útskýra þetta nánar, þá hafa flestar stórútgærðir í landinu skipt um kennitölu frá 1991. Það hafa þær gert vegna sameiningar við önnur útgerðarfyrirtæki og vegna breytinga frá að vera h.f. fyrirtæki í e.h.f.

Það er því þannig í dag, að innan e.h.f. fyrirtækjanna eru nú komnar, allt upp í níu gamlar kennitölur fyrirtækja sem höfðu kvóta áður en frjálsa framsalið var lögbundið árið 1991 og sem dæmi um svona fyrirtæki er Þorbjörninn í Grindavík.

Það er því rangt eins og fram hefur komið í umræðunni að útgerðarfyrirtæki sem starfa í dag hafi keypt aflaheimildir, í 90% tilfella. Þetta er rangt vegna þess að ef farið er hringinn í kringum landið sést að það eru enn sömu aðilarnir sem eiga fyrirtækin og eru enn í útgerð sem byggir á þeim gjafakvóta sem þau fengu í upphafi eða fyrir 1991.

Hér verða flest þessara fyrirtækja talin upp sem eru í dag og voru fyrir 1991 í útgerð og með sömu eigendum:

Vestmannaeyjar: Vinnslustöðin, Ísfélagið, Glófaxaútgerðin, Bergur-Hugin, Dala-Rafn,Frá, Bergur, Huginn, Þórunni Sveinsdóttir og Bylgjan, ásamt fleiri útgerðum í Eyjum.

Hornafjörður: Skinney og Þinganes sameinuðust og tóku þau yfir Kaupfélags útgerðina.

Fáskrúðsfirði: Loðnuvinnslan.

Eskifjörður: Eskja e.h.f.

Norðfjörður: Síldarvinnslunni en þar á Samherji í dag 30-40% hlut.

- Þórshöfn:** Ísfélagið hefur komið inn í útgerðina með heimamönnum og Grandi er í útgerð með heimamönnum á Vopnafirði.
- Siglufjörður:** Þormóður Rammi sem hefur sameinast útgerðum sem voru á Ólafsfirði og í Þorlákshöfn.
- Akureyri:** Samherji og Brim.
- Sauðarkrökur:** Kaupfélagið fyrirtækið heitir nú Fisk Seafood.
- Grenivík:** Gjögur.
- Ísafjörður:** Gunnvör hefur sameinast nokkrum öðrum útgerðum þar.
- Patreksfjörðu:** Oddi.
- Snæfellsnes:** Útgerðir Kristjáns Guðmundsonar á Rífi, Hraðfrystihús Hellisands á Hellisandi, Steinunnar útgerðin í Ólafsvík, Rakel Ólsen í Stykkishólmi, Guðmundur Runólfsson í Grundarfirði.
- Reykjavík:** Grandi og Ögurvík.
- Hafnarfjörður:** Útgerð Þórs H.F.
- Garður:** Nesfiskur.
- Keflavík:** Útgerðir Happasæls K.E., Arnars K.E. og Saltvers.
- Grindavík:** Þorbjörninn og Vísir.
- Þorlákshöfn:** Útgerðir Einars Sigurðssonar og Hannesar Sigurðssonar.

Öll þessi fyrirtæki hafa verið til frá því fyrir þá kvótakerfisins og hafa byggt starfsemi sína upp á gjafakvóta. Þau hafa einnig getað veðsett gjafakvótann til frekari kvótakaupa og leigt frá sér veiðiheimildi innan ársins til þeirra sem ekki hafa veiðiheimildir, svokallaðra leiguliða.

Virðingarfyllst,
Grétar Mar Jónsson,
skipstjóri.